

# Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. fimmtudaginn

## 31. mars 2022 í Safnahúsinu í Neskaupstað

Ár 2022, fimmtudagur 31. mars kl. 14.00.

Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. fyrir árið 2021 haldinn í Safnahúsinu í Neskaupstað. Fundinn sóttu hluthafar fyrir 89,6% hlutfjár.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar.
3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins.
6. Kosin stjórn félagsins.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
9. Önnur mál, löglega fram borin.

Þorsteinn Már Baldvinsson stjórnarformaður setti fundinn og lagði til að Eyvindur Sólnes yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Smári Geirsson yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og lýsti hann lögmætan. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar. Þorsteinn Már Baldvinsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Þorsteinn hóf mál sitt með því að minnst Finnþoga Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Síldarvinnslunnar, en Finnþogi lést á síðasta ári. Risu fundarmenn úr sætum til að minnst Finnþoga. Því næst fjallaði Þorstein um rekstur félagsins, áhrif covid-faraldursins og

skráningu félagsins á markað. Minnti Þorsteinn á að Síldarvinnslan væri eina félagið á landsbyggðinni sem skráð væri á markað. Að svo mæltu ræddi Þorsteinn um stöðu íslensks sjávarútvegs og bar hann saman við sjávarútveg Norðmanna. Fram kom meðal annars að stærð þriggja stærstu fyrirtækja Norðmanna hvers um sig væri meiri en íslensks sjávarútvegs í heild sinni. Fjallaði Þorsteinn um neikvæða umræðu um íslenskan sjávarútveg og mikilvægi þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki dragist ekki aftur úr í alþjóðlegri samkeppni.

Þorsteinn ræddi mikilvægi þess að bein erlend eignaraðild yrði heimiluð í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum að ákveðnu marki en slík heimild myndi styrkja fyrirtækin og auka möguleika þeirra til vaxtar. Að lokum þakkaði hann stjórnendum og starfsfólki Síldarvinnslunnar fyrir vel unnin störf en mikið álag hefði verið á starfsfólkinu ekki síst vegna covid-faraldursins og skráningu fyrirtækisins á markað. Að lokum kom fram að framtíð Síldarvinnslunnar væri björt og möguleikar fyrirtækisins í framtíðinni væru margvíslegir.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til staðfestingar. Gunnþór B. Ingvason forstjóri fór yfir ársreikning félagsins og fjallaði um rekstur þess með svofelldum hætti:

Fundastjóri, hluthafar og aðrir gestir.

Ég mun nú gera grein fyrir reikningum félagsins fyrir árið 2021 og gefa yfirlit yfir rekstur og aðra mikilvæga þætti í starfseminni á árinu. Ég mun fara yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi samstæðunnar.

Ársreikningurinn er endurskoðaður af Pricewaterhouse Coopers ehf. og er hann áritaður af endurskoðendunum. Þar kemur fram það álit þeirra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. En samstæðureikningur Síldarvinnslunnar er nú gerður í samræmi við IFRS alþjóðlegu reikningsskilastaðlana.

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Síldarvinnslunnar hf. og dótturfélaga þar sem um er að ræða eignarhluta í félögum yfir 50%. Félögin í samstæðunni eru móðurfélagið Síldarvinnslan hf. og dótturfélögin, Bergur –

Huginn ehf., Bergur ehf. Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélagið Vör ehf. og Seley ehf. En þess ber að geta að Runólfur Hallfreðsson ehf. sameinaðist Síldarvinnslunni 1. júlí 2021. SVN eignafélag var afhent hluthöfum þann 9. apríl. Þessi félög voru þar af leiðandi bara hluti af samstæðunni hluta úr ári og eru ekki hluti af samstæðunni í lok árs.

Rekstur samstæðu: Seldar vörur námu 236,9 milljónum dollara á árinu 2021 og hagnaður af sölu eigna var 0,2 milljónir dollara. Voru því rekstrartekjur samstæðunnar alls 237,2 milljónir dollara. Kostnaðarverð seldra vara nam 87,8 milljónum dollara, laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður námu 56,9 milljónum dollara og annar rekstrarkostnaður 7,9 milljónum dollara. Samtals voru því rekstrargjöld 152,5 milljónir dollara á árinu 2021.

Hagnaður fyrir afskriftir nam 84,6 milljónum dollara og afskriftir námu 11 milljónum dollara. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 2,7 milljónir USD og áhrif af rekstri hlutdeildarféлага nam 3,7 milljónum dollara. Hagnaður af afhendingu SVN eignafélags nam 23,6 milljónum USD. Hagnaður fyrir skatta nam því 103,7 milljónum dollara. Tekjuskattur er 16,3 milljónir dollara og hagnaður ársins því 87,4 milljónir dollara.

Í árslok 2021 eru eignir samstæðunnar bókfærðar á 634,2 milljónir USD. Fastafjármunir eru bókfærðir á 472,4 milljónir USD og veltufjármunir á 161,7 milljónir USD.

Eigið fé samstæðunnar var 422,5 milljónir USD í árslok 2021. Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar er 2,7 milljónir USD.

Langtímaskuldir eru 113,7 milljónir USD og tekjuskattsskuldbinding er 53,3 milljónir USD í árslok 2021. Skammtímaskuldir eru 44,7 milljónir dollara. Heildarskuldir og skuldbindingar í árslok 2021 eru þannig 211,6 milljónir dollara og eigið fé og skuldir 634,2 milljón USD.

Hreint veltufé frá rekstri var 78,4 milljónir USD á árinu 2021 og handbært fé frá rekstri 62,5 milljónir USD. Fjárfestingar voru 89 milljónir USD og fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 16,4 milljónir USD. Handbært fé í ársbyrjun var 90,1 milljónir USD, lækkun handbærs fé á árinu nam 10 milljónum USD, þannig er handbært fé í árslok 79,9 milljónir USD.

Úthlutaðar aflaheimildir samstæðunnar í bolfiski eru tæp 20 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári sem svarar til 17.000 þíg tonna. Í uppsjávarfiski eru aflaheimildir samstæðunnar tæplega 210 þúsund tonn sem svarar til rúmlega

53.800 þíg tonna. Í heildina eru aflaheimildir samstæðunnar 230 þúsund tonn sem svarar til 71 þúsund þíg tonna.

Þegar þróun aflaheimilda hjá okkur sl. fiskveiðiár er skoðuð skal lögð áhersla á að árin 2019 og 2020 var engin loðnuveiði en aðrar tegundir vega það að stærstum hluta upp. En nú sjáum við mikla aukningu í þorskígildistonnnum á yfirstandi fiskveiðiári, ástæðan er mikill loðnukvóti. Þetta þorskígildisstuðlakerfi, þar sem háa stuðla í loðnu má rekja til lítils kvóta og sérstakra markaðsaðstæðna, umreiknast þær aðstæður síðan yfir á mikinn kvóta þar sem værðmæti eru allt önnur brotin niður á kg. loðnu. Þar sem fyrirtæki í sjávarútvegi búa við þak á aflaheimildum mældum í þorskígildum sér hver heilvita maður að fyrirtæki geta ekki búið við þessar sveiflur, að þurfa að kaupa heimildir í dag og selja á morgun. Það er mun eðlilegra að það séu sett há mörk á hverja tegund. Allavega á tegund eins og loðna engan veginn heima inni þessu kerfi, nærtækast er að skoða þróun hennar sl. ár.

Á síðasta fiskveiði ári voru bolfiskheimildir 59% af aflaheimildum samstæðunnar og uppsjávarheimildirnar 41%, á yfirstandi fiskveiðiári hafa þessi hlutföll snúist við, vægi bolfiskheimilda er 24% og uppsjávarheimilda 76%. Munar þarna mestu um sveifluna í loðnunni, auk þess sem skerðingar voru í bolfiski, þrátt fyrir að aflaheimildir Bergs ehf., sem nema 1300 ígildum, bætist við bolfiskhluta félagsins.

Þá mun ég fara yfir afla og aflaverðmæti bolfiskkipanna.

Rekstur Gullvers gekk vel á síðasta ári og var aflaverðmæti skipsins 1.208 milljónir króna og aflinn 5.159 tonn. Uppistaða aflans var þorskur.

Rekstur skipa Bergs-Hugins gekk vel á árinu. Þannig fiskaði Vestmanney 4.354 tonn að verðmæti 1.224 milljónir króna og togarinn Bergey 5.040 tonn að aflaverðmæti 1.454 milljónir króna. Þess ber að geta að óhapp varð um borð í Vestmannaey og var hún frá veiðum síðustu tvo mánuði ársins. Auk þess gerðum við Berg VE út í einn mánuð og fiskaði hann fyrir 106 milljónir, var hann svo seldur síðar á árinu.

Blængur fiskaði 6.631 tonn að aflaverðmæti 2.169 milljónir króna. Vegur þorskveiði í Barensthafinu þungt í verðmætum afla skipsins. Veiðin var niður á milli ára, en skipið var í slipp í janúarmánuði.

Samtals öfluðu botnfiskskipin í samstæðunni 21.605 tonn á árinu 2021 að aflaverðmæti 6.162 milljónir króna. Veiði og verðmæti eru svipuð á milli ára.

Þegar veiði einstakra bolfiskskipa eftir tegundum er skoðuð sést að veiðin er mest í þorski eða um 7.900 tonn, síðan ýsu um 4.050 tonn og um 3.900 tonn af ufsa. Einnig sést að Gullver veiðir mest af þorski og Vestmannaeyjatogararnir, Vestmanney og Bergey, veiða mest af ýsu, auk þess sem Eyjaskipin eru öflug í öðrum tegundum, m.a. löngu og flatfiskategundum. Heilt yfir er lítilsháttar samdráttur í þorski sem við vegum upp með veið annarra tegunda.

Þá skal farið yfir afla og aflaverðmæti uppsjávarskipanna. Veiðisamstarf var á makrílnum eins og árið á undan, en lengra var að sækja aflann og erfiðara að veiða, við vorum með 5 skip í samstarfi í stað 4 áður og ekki veitti af. Önnur fyrirtæki fylgdu okkar fordæmi og voru með slíkt samstarf. Í mínum huga hefðu makrílveiðar ekki gengið án slíks samstarfs. Aflinn var að koma ferskari að landi, veiðigetan var nýtt.

Börkur landaði 48 þúsund tonnum að aflaverðmæti rúmar 2.542 milljónir, þar erum við að tala um verðmæti gamla Barkar fyrstu 5 mánuðina og nýja Barkar eftir það.

Beitir NK landaði 55 þúsund tonnum fyrir 2.701 milljón króna.

Bjarni Ólafsson var með rúm 30 þúsund tonn fyrir 1.362 milljónir króna.

Eldri Börkur fékk nafnið Barði og var hann leigður að hluta og við gerðum hann út í 3 mánuði, aflaði hann 12 þúsund tonna, fyrir 532 milljónir, uppistaðan var íslensk síld og loðna í desember.

Samtals öfluðu uppsjávarskip félagsins 145 þúsund tonna á árinu að aflaverðmæti 7.137 milljónir króna. Það er mikil aukning á milli ára, þar kemur til loðnuveiði og aukning í íslensku síldinni.

Sveiflur í uppsjávarfisknum hafa verið miklar á meðan bolfiskurinn hefur verið stöðugri sl. 3 ár. Þá ber að nefna að bolfiskskerðingin hafi í raun étið upp kaup okkar á Berg VE á síðasta ári.

Aukning var í móttöku fiskimjölsverksmiðja á Ísland á síðasta ári. Þrátt fyrir að hún sé langt frá því magni sem var oft á árum áður. Heildarhráefnismóttaka

verksmiðja á Íslandi 2021 var 461 þúsund tonn og hlutur SVN um 141 þúsund tonn. Þannig var hlutur SVN um 31% af heildinni.

Ekki hefur reynt á afkastagetu fiskimjölsiðnaðarins í mörg ár fyrr núna á nýliðinni loðnuvertíð. En stækkun stendur yfir í Neskaupstað og verður hún komin að stórum hluta inn fyrir næstu loðnuvertíð, en við lönduðum nokkrum túrum annarsstaðar á vertíðinni.

Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar tóku á móti rúmlega 141 þúsund tonnum af hráefni á árinu 2021, 111 þúsund á Norðfirði og 30 þúsund tonnum á Seyðisfirði. Mest var tekið á móti af kolmunna eða tæplega 67 þúsund tonnum, 31 þúsund tonnum af loðnu, 27 þúsund tonnum af síld og síldarafskurði og tæpum 16 þús tonnum af makrílafskurði.

Framleidd voru 27.987 tonn af mjöli og 9.942 þúsund tonn af lýsi. Samtals voru framleidd rúm 38 þúsund tonn af mjöli og lýsi á árinu og verðmætið rúmir 8,5 milljarðar króna.

Fóðurverksmiðjan Laxá hf seldi á árinu 2021 12.045 tonn af fiskafóðri. Aukning var á framleiðslu Laxár á árinu. Þar var var fjárfest í nýjum fóðursílóum sem verið er að taka í notkun núna.

Þá skal hér getið um hvernig þróunin hefur verið á mjöl- og lýsismörkuðum. Verð á mjöli hefur verið sterkt, síðan þegar loðnusprengjan kom á haustmánuðum kom dýfa í markaðinn og fóru verð niður í 14 þúsund norskar krónur. Menn seldu mjöl fyrirfram til að tryggja flæðið á vertíðinni auk þess að leigja geymslur erlendis, en nú hafa verð styrkst mjög hratt og eru komin upp undir 18 þúsund norskar. Segja má að útlit sé gott á mjölmörkuðum.

Verð hafa verið að hækka á lýsi frá seinni hluta síðasta árs. Nú eru lýsisverð í hæstu hæðum og er eftirspurn til staðar eftir lýsi og gott útlit.

Útflutningur á mjöli á síðasta ári var mestur til Noregs eða 43%, síðan koma Bretland og Spánn með 17% hvort land. Fiskeldi er sem fyrr langstærsti notandi fiskimjöls. Innanlandsnotkun fer nær öll til fóðurverksmiðjunnar Laxár.

Útflutningur á lýsi á síðasta ári var mestur til Noregs sem fyrr eða 52%. Þá var innanlandsnotkun 20% og Bretland og Danmörk með sitthvor 14%.

Uppsjávarfrystingin tók á móti 71 þúsund tonnum af hráefni á árinu 2021 sem er það mesta sem þar hefur verið tekið á móti á einu ári. Mest var tekið á móti af síld eða 36 þúsund tonnum og 24 þúsund tonnum af makríl og 9 þúsund

tonn af loðnu og 1400 tonn a loðnuhrognum. Loðnan nýttist vel á vertíðinni og fór nær öll til manneldisvinnslu, auk þess kom íslenska síldin sterk inní vinnsluna eftir langvarandi sýkingartímabil þar sem hún var ekki hæf til manneldis. Engin vinnsla var í húsinu á milli vertíða eins og árin þar á undan.

Framleiddar uppsjávarafurðir námu 46.000 tonnum, þar af síldarafurðir 19 þúsund tonn, makrílafurðir rúm 17 þúsund tonn og loðnuafurðir 10 þúsund tonn. Verðmæti framleiðslunnar var 12.107 milljónir króna sem er langmesta verðmæti sem vinnslan hefur skilað á einu ári, verðmæti nánast tvöfaldast á milli ára.

Vinnsla gekk vel á árinu og erum við t.d. að sjá veiðisamstarf skipa, stærri og betri skip með öflugri kælingu og burðargetu vera skila okkur betra hráefni og þessum árangri.

Segja má að þær miklu fjárfestingar sem ráðist hefur verið í með uppbyggingu vinnslu í landi og endurnýjun skipa hafi skilað sér í aukinni verðmætasköpun. Þannig fór yfir 95% af loðnuveiðinni í manneldisvinnslu.

Uppsjávarframleiðsla okkar er að fara út um allan heim og erum við í alþjóðlegri samkeppni með flestar okkar afurðir. Austur Evrópa er með 57% síðan kemur Asía sterk inn vegna loðnuafurða með 28%. Hérna erum við að sjá Egyptaland vaxa bæði í síld og makríl. Úkraína hefur verið stór í makríl, síld og loðnuhæng, eins og áður hefur komið fram hjá okkur og teljum við okkur geta fundið aðra markaði ef á þarf að halda vegna yfirstandandi stríðsátaka fyrir þær vörur að undanskyldum loðnuhængnum.

Bolfiskafurðir okkar fara til fjölda landa þar vegur Vestur Evrópa þyngst. Uppistaðan af okkar þorsk- og ýsuafurðum fara inná Bretland og Frakkland.

Í bolfiskvinnslu félagsins á Seyðisfirði var tekið á móti 2.540 tonnum af hráefni á síðasta ári. Framleiddar afurðir voru 1.220 tonn að verðmæti um 1,2 milljarður króna.

Frystigeymslan tók á móti 49 þúsund brettum af afurðum á síðasta ári og skipaði út 52 þúsund brettum.

Þegar heildarafurðaframleiðsla félagsins sl. 5 ár er skoðuð sést að töluverð aukning hefur verið í framleiddu magni og enn meiri aukning í tekjum sem fara úr 21 milljarði árið 2020 í tæpa 27 milljarða. Munar þar mestu um aukningu uppsjávarfrystingunni.

Samfélagsskýrsla fyrir árið 2021 er að koma út þessa dagana og verður birt á netinu. Ég verð að biðja alla velvirðingar á að hún sé ekki komin á netið en má rekja það til seinkunar í uppsetningu hennar.

Enn sem fyrr er olía okkar stærsti umhverfisþáttur og erum við að sjá aukningu á milli ára þar um 16% og er kolefnisspor félagsins um 54,4 þúsund tonn. En hérna er bein tenging á milli aukningu í sókn skipanna hjá okkur og meiri notkun fiskimjölsverksmiðjanna.

Fiskimjölsverksmiðjurnar notuðu 73% endurnýjanlega orku í stað 93% árið áður. Endurvinnsluhlutfall hjá okkur var 70% sem er sambærilegt árið áður.

Jafnlaunavottun hefur farið fram þriðja árið í röð og leiðir hún í ljós að ekki er launamunur í félaginu.

Við viljum hlúa vel af okkar starfsmönnum og huga að heilsu og öryggismálum.

Eftir skráningu félagsins á markað hefur verið unnið í stjórnháttum og félagið hefur sett fram siðareglur fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Tekin voru nokkur stór skref á árinu. Vegur þar þyngst koma nýs Barkar sem er með meiri burðargetu, tvær aðalvélar ásamt margvíslegum búnaði sem er hugsaður til að draga úr orkunotkun og ljóst er að skipið hefur sannað sig og hefur reynst hagkvæmt og hægt er að keyra það eftir aðstæðum.

Tekin var í notkun aflmikil landtenging skipa í Norðfjarðarhöfn sem gerir okkur kleift að slökkva á öllum vélum skipa þegar þau liggja og landa í vinnsluna hjá okkur.

Nú í upphafi árs gengum við frá kaupum á jörðinni Fannardal og eru þau kaup hugsuð til að halda áfram með skógræktarverkefni til kolefnisjöfnunar á starfsemi félagsins. En það verkefni er í mótun, byrja þarf á því að leggja stíga og annað. Auk þess er áhugavert að skoða virkjunarkosti og ljúka leit að heitu vatni þar.

En það eru líka óveðurský sem birtust okkur öllum í rétt fyrir jól. Þegar Landsvirkjun tilkynnti okkur að þar á bæ væri ekki nægilegt vatn í uppstöðulónum og skerða þyrfti raforkunotkun til fiskimjölsverksmiðja. Kom þetta á versta tíma þegar við vorum að sigla inní eina stærstu loðnuvertíð í manna minnum. Það er alveg ljóst að núna á árinu 2022 er ekki ásættanlegt að land sem býr yfir gríðarlegum möguleikum á að fanga endurnýjanlega græna orku sé orkulaust á meðan orkan rennur óbeisluð til sjávar.



Við getum verið stolt af framlagi okkar til samfélagsins á síðasta ári, samstæðan velti 30 milljörðum og þar af runnu með beinum og óbeinum hætti 6,7 milljarðar beint til hins opinbera. Afkoma félagsins af reglulegri starfsemi nam 27% af veltu sem er tæpur 8,1 milljarður króna. Stærstur hluti af afkomu félagsins er fluttur á milli ára til að viðhalda vexti félagsins.

Nú heyrast raddir um að skattleggja eigi ofurhagnað sjávarútvegsfyrirtækja sérstaklega. Nú spyr maður sig hvar liggur sá ofurhagnaður og hver er mælikvarðinn. Eru þeir sem svona tala búnir að meta fjárfestingu, fjárbindingu og annað á bakvið fyrirtækin? Áhættu vegna náttúrulegra sveiflna í vistkerfinu?

Sjávarútvegur er og verður mikilvægur fyrir íslenskt þjóðfélag og hafa lífskjör í landinu verið samofin gengi sjávarútvegs og svo verður um ókomna tíð en það er líka ljóst að verðmætasköpun þurfum við að auka og fjölga stöðum samfélagsins til að viðhalda lífskjörum okkar.

Það er okkur hollt að fara til baka og skoða gamlar úrklippur til að rifja upp að umræða um sjávarútveg er ekki ný og hefur ekki alltaf verið um hagnað. Hér áður höfðu menn áhyggjur af fjárhagslegri stöðu hans og framtíð nú eru áhyggjurnar aðrar. Þannig höfðu margir áhyggjur af fjárhagsstöðu Síldarvinnslunnar og var henni ekki alltaf spáð framhaldslífi. Oft var það svo að forstjórinn þurfti að leita til bankastofnana til að eiga fyrir launum.

Hvað sem öðru líður þá eigum við og megum vera stolt af því hvernig til hefur tekist. Í stað niðurrifs og neikvæðni eigum við að setjast niður og nýta sóknarfærin í sjávarútvegi, það er mikilvægt að greinin leggji sitt að mörkum í þeirri verðmætasköpun og vexti sem við þurfum til að viðhalda hér góðum lífskjörum áfram.

Við eigum að vera stolt af því að reka sjávarútveg með hagnaði, eigendastefnur sjávarútvegsfyrirtækja hafa miðað að því að borga hóflegan arð og skilja megnið af hagnaði eftir í fyrirtækjunum til fjárfestinga og vaxtar.

Ekki voru miklar breytingar í starfsmannahaldi hjá okkur og er starfsmannavelta lítil. Hjá samstæðunni starfa 365 manns.

Vinnan hjá okkur er vertíðarbundinn og vinnur fólk langan vinnudag á vöktum yfir vertíðar.

Það ástand sem ríkt hefur vegna Covid hefur reynt á okkur öll, á þeim tímum hefur okkar fólk sýnt mikla samstöðu og aðlagað sig að breyttum veruleika

og tekið á sig ýmsar skerðingar. En með samtakamætti höfum við farið í gegnum þetta.

Nú horfum við fram á bjartari tíma og vonumst við til að með hækkandi sól getum við farið að hittast aftur og allavega blása til veglegrar árshátíðar með okkar fólki.

Við erum að gera upp gott ár, 2021, í rekstri Síldarvinnslunnar en þetta er besta rekstrarár í sögu félagsins og af því erum við stolt.

Nokkur tímamót voru á árinu:

Þar ber hæst að í upphafi árs var ákveðið að skrá félagið á markað og við tóku annasamir tímar við að kynna félagið fyrir fjárfestum og ánægjulegt var að sjá hvað félaginu var sýndur mikill áhugi af þessu tilefni og erum við stolt af því.

Auðvitað er margt sem þarf að gera til að aðlaga félagið að því að vera skráð á markað og tekur það ákveðna athygli og vinnu sem er stöðugt í gangi og þiggjum við allar góðar ábendingar um hvað betur má fara hjá okkur.

Í rekstri ber auðvitað hæst loðnuvertíð sem kom eftir tveggja ára hlé og heppnaðist mjög vel. Sem við fylgdum svo eftir með góðri makríl- og síldarvertíð sem skilar okkur framleiðslumeti í frystihúsinu.

Í fjárfestingum ber hæst koma nýs Barkar um mitt ár. Fer skipið vel af stað og hefur reynst vel.

Síðan hófumst við handa við miklar fjárfestingar í fiskimjölsværksmiðjunni í Neskaupstað sem miðar vel og við stefnum að því að taka fyrsta hluta í notkun í sumar.

Afköst í hrognavinnslunni voru þrefölduð hjá okkur og komu þær breytingar vel út á nýliðinni vertíð.

Kaup okkar á Bergi ehf. í Vestmannaeyjum voru samþykkt á fyrrihluta árs af Samkeppniseftirlitinu. Þar bætast við 1300 þorskígildi inn í samstæðuna. Við erum búinn að selja Berg VE. Bergur ehf. mun kaupa Bergey og gera hana út. Með þessum aðgerðum aukum við nýtingu á bolfiskskipum okkar.

Síldarvinnslan hefur keypt langstærstan hluta af aflaheimildum sínum.

Undirritaður telur eðlilegt að farið verði ofan í rökin fyrir 12% kvótapakinu, hvort sé eðlilegt að það sama gildi um skráð félög og óskráð, eins þarf og verður að endurskoða t.d. að tegund eins og loðna sem sveiflast gríðarlega bæði í

kvótum og verðmætastuðlum sé hluti af þessum 12% útreikningum. Það er rétt að minna á að í upphafi var mismunandi þak eftir því hvort fyrirtæki væru í dreifðri eignaraðild eða ekki. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru ekki stór í þeirri alþjóðlegu mynd sem þau starfa í, en vissulega skerðir þetta vöxt félagana hér innanlands.

Hvað er þá framundan?

Við fengum loðnusprengju í fangið á haustmánuðum sem var óvænt. Þær fréttir kölluðu strax á stórar ákvarðanir og ljóst var að yrði áskorun að ná að láta allt ganga upp. Nú er vertíðin búin og ljóst er að veiðin var ekki eins kröftug og við vonuðumst eftir, kom þar til að veður voru erfið, göngumynstrið óhefðbundið og ekki náðist að veiða allan kvótann. En veidd voru um 700 þúsund tonn sem er stór vertíð. Við frystum einhver tæp 9 þúsund tonn af loðnu, 1400 t af hrognum, fiskimjölsverksmiðjurnar tóku á móti 134 þúsund tonnum. Lokaspretturinn var okkur erfiður og hefðum við viljað sjá meiri hrognaframleiðslu og eins hefðum við viljað klára kvótann.

Ekki er búið að klára sölur á afurðum en ljóst er að töluverðar verðlækkanir verða frá síðustu vertíð, en heilt yfir er þetta góð vertíð þrátt fyrir að alltaf eigi að skoða hvað hefði mátt gera betur. Það gerum við til að læra af því.

Stríðið í Úkraínu hefur haft margvíslega áhrif eins og áður hefur komið fram hjá okkur. Við höfum verið í sambandi við okkar viðskiptavinum þar. Fram kom hjá okkur að við ættum kröfu útistandandi þar, hefur verið greitt inná hana 1,5 m USD. Það er aðeins byrjað að afhenda vörur þangað inn aftur. Eins hafa aðrir markaðir verið að taka vörur sem voru ætlaðar þangað inn.

Auk þess erum við að sjá hækkanir og aukna eftirspurn eftir öðrum vörum.

Olíuverð hafa hækkað og hefur það víðtæk áhrif á okkar rekstur.

Síldarvinnslan er sterkt félag með öflugra eiginfjárstöðu, enda er það skoðun okkar að íslenskur sjávarútvegur þurfi að hafa sterkan efnahag til að mæta þeim sveiflum sem eru í ytra umhverfinu. Við vorum vel minnt á það á nýliðinni loðnuvertíð þar sem náttúruöflin tíðarfarið og göngumynstur stofnsins gerðu það að verkum að erfitt var við að eiga. Stríð braust út, markaðir í uppnámi sem þarf að bregðast við.

Það er ávallt mikilvægt til að vera tilbúinn að nýta þau tækifæri sem koma þegar þau koma.

En vissulega hvílir skuggi yfir ástandi mála varðandi deilistofnana makríl, síld og kolmunna, þar erum við að missa vottanir þar sem veitt er umfram ráðgjöf og það er vont að ekki náist samkomulag um þá stofna.

Ég ákvað að minnast ekki á pólitík. Vissulega eru ýmsar upphrópanir nú í kringum greinina, en ég kys að trúna því að skynsemin ráði að lokum og að áfram verði rekinn öflugur sjávarútvegur á Íslandi.

Í lokin vil ég samt benda á að Síldarvinnslan og Brim búa ekki við sömu skilyrði til vaxtar eins og önnur skráð félög á markaði. Þar á ég við að beint erlent eignarhald er óheimilt í íslenskum sjávarútvegi, sem heftir möguleika okkar á að nýta bréf félaganna til kaupa og fara í samruna við erlend félög. Þarna tel ég að mætti bregðast við með því að leyfa erlent eignarhald að hluta í stað þess að það geti með óbeinum hætti verið allt að 49%.

Ég vil færa starfsfólki Síldarvinnslunnar til sjós og lands bestu þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Hluthöfum og fjárfestum þökkum við traustið og velviljann sem þið hafið sýnt félaginu. Auk þess þakka ég stjórnarmönnum samstarfið á árinu.

Þegar Gunnþór hafði lokið máli sínu fór fram rafræn atkvæðagreiðsla. Var endurskoðaður ársreikningur samþykktur einróma og einnig skýrsla forstjóra.

3. Tekin ákvörðun um greiðslu arðs. Fram kom eftirfarandi tillaga: Stjórn Síldarvinnslunnar hf. leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2021 samkvæmt arðgreiðslustefnu félagsins. Arðgreiðsla til hluthafa nemi 30% hagnaðar ársins 3.417 millj. króna (um 26,2 millj. USD á lokagengi ársins 2021). Arðgreiðslan nemur 2.01 kr. á hlut. Samþykki aðalfundur tillöguna skal arðsréttindadagur vera 4. apríl 2022, þ.e. réttur hluthafa til arðgreiðslu verður miðaður við hlutaskrá félagsins í lok þess viðskiptadags. Arðleysisdagur, þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2022 verður því 1. apríl 2022, eða næsti viðskiptadagur eftir aðalfund. Útborgunardagur arðs verður 13. apríl 2022.

Tillagan var samþykkt einróma í rafrænni kosningu.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu. Starfskjarastefnan var lögð fram til staðfestingar. Stefnan er að mestu óbreytt en samþykktar voru

orðalagsbreytingar er varða takmörkun á skaðleysisábyrgð gagnvart stjórnendum og hámark kaupauka.

Starfskjarastefnan samþykkt með áorðnum breytingum í rafrænni kosningu.

5. Ákveðin þóknun til stjórnar félagsins. Stjórn félagsins lagði til að stjórnarlaun vegna ársins 2022 verði sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 500.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 330.000 á mánuði
Varamenn	kr. 165.000 á mánuði

Þá var lagt til að laun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd verði sem hér segir:

Formaður	kr. 220.000 á mánuði
Nefndarmenn	kr. 110.000 á mánuði

Tillagan var samþykkt í rafrænni kosningu.

6. Kosin stjórn félagsins. Eftirfarandi einstaklingar voru í kjöri:

Aðalmenn:

Anna Guðmundsdóttir  
Baldur Már Helgason  
Björk Þórarinsdóttir  
Guðmundur Rafnkell Gíslason  
Þorsteinn Már Baldvinsson

Varamenn:

Arna Bryndis Baldvins McClure  
Ingi Jóhann Guðmundsson

Þessi stjórn er réttkjörin.

7. Kosning endurskoðenda. Eftirfarandi tillaga var kynnt:

PricewaterhouseCoopers  
Vignir Rafn Gíslason  
Rúnar Bjarnason

Tillagan samþykkt í rafrænni kosningu.

8. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum. Eftirfarandi tillaga var lögð fram: Aðalfundur Síldarvinnslunnar hf. haldinn 31. mars 2022

samþykkir, með vísan til 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að heimila félagsstjórn á næstu 18 mánuðum að kaupa hlutabréf í Síldarvinnslunni hf. Heildareign í eigin bréfum á hverjum tíma skuli þó ekki fara yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma þ.e. kr. 170.000.000. Heimild þessa má nýta í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum t.d. með útboðsfyrirkomulagi enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.

Tillagan var samþykkt í rafrænni atkvæðagreiðslu.

#### 9. Önnur mál, löglega fram borin.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

Að fundi loknum óskaði fundarstjóri heimildar fyrir því að hann og fundarritari gangi frá fundargerð síðar. Var það samþykkt.

Þorsteinn Már Baldvinsson þakkaði fyrir góðan fund fyrir hönd stjórnarinnar.

Þá þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund og sleit honum síðan.

Fundi var slitið kl. 15.30.

Að fundi loknum var boðið upp á veitingar á Hótel Hildibrand.

Eyvindur Sólnes

Fundarstjóri

Smári Geirsson

fundarritari